



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á NOBAB ráðstefnu
Reykjavík
10. september 2004

Ágætu ráðstefnugestir
Ladies and gentlemen

Fyrir rúmum sextíu árum hófu konur í Reykjavík baráttu fyrir byggingu barnaspítala og nafn félagsins Hringurinn – (ensk þýðing) – varð fljótt tákn fyrir umhyggju og framtíðarsýn, áherslu á velferð barna og nýja forgangsröð í heilbrigðismálum.

Ár eftir ár, í áratugi, söfnuðu þær fé, seldu merki, efndu til skemmtana, leiksýninga, dansleikja, uppboða og annarra fjáröflunaraðgerða til að gera draum sinn að veruleika. Hugmyndaauðgi þeirra voru engin takmörk sett. Atorkan og úthaldið aðdáunarvert. Og auðvitað herjuðu þær einnig á ráðamenn, þrýstu á ráðherra og ríkisstjórnir, fengu þjóðina í lið með sér.

Við upphaf nýrrar aldar gátu þær og við öll haldið fagnaðarhátíð þegar nýi barnaspítalinn tók til starfa í Reykjavík, glæsileg bygging, vel búin tækjum og einstaklega hæfileikarík og sérþjálfuð sveit lækna og hjúkrunarfólks ganga þar til daglegra starfa.

Það var með miklu stolt sem við sýndum Silvíu, drottningu Svíþjóðar, nýja barnaspítalann í heimsókn hennar og konungsins Carls Gustafs og Victoríu krónprinsessu fyrr í þessari viku. Draumur kvennanna sem hófu hugsjónabaráttu fyrir röskum sextíu árum var nú orðinn dagskrátriði í konunglegri heimsókn.

Ég nefni þetta hér til að minna okkur á að sérstaða barna innan heilbrigðiskerfisins hefur ekki ætíð verið viðurkennd og það þurfti félagsskap baráttukvenna, kvenna sem komu víða að og höfðu engan sess innan heilbrigðiskerfisins, til að vekja aðra til vitundar um nauðsyn slíkra breytinga. Þessar hugsjónaríku konur ákváðu að hefja merkið hátt á loft,

sækja fram og koma í höfn nýrri skipan, skipan sem fæli í sér breytta forgangsröð í þágu barna.

Saga barnaspítalans í Reykjavík er áhrifarík vísbending um hve ríkan þátt samtök almennings geta átt í umbótum í heilbrigðiskerfi, að samfélagsgildin þurfa að liggja til grundvallar framkvæmdum og úthlutun á fjármagni, að stefnumótunin sem stjórnvöld aðhyllast þarf að vera í takt við vilja fólksins, að heilbrigðiskerfið má ekki verða lokað virki sem lítur aðeins stjórn hinna háu herra; það þarf einnig að vera opið fyrir lýðræðislegum þrýstingi, fyrir áhrifum frá baráttusveit sem á sér drauma um betri skipan.

Sú íslenska reynsla, saga merkrar baráttu í sextíu ár, saga árangurs sem sveit áhugakvænna skilaði í höfn og ég hef hér minnt á, getur á margan hátt þjónað sem dæmasafn og sjóður tilvísana þegar teknar eru til umræðu spurningar um skrefin frá children's hospital to adolescence's hospital, þegar spurt er um norræna reynslu, þegar hugað er að vanda fjölskyldna sem eiga chronically ill children, hvernig hægt er að styðja þær betur og greina ýtarlegar vandann sem þær þurfa oft skyndilega að glíma við, áfallið sem reynist upphaf að erfiðri og langvarandi reynslu.

Samspil heilbrigðiskerfis og samfélags, skilningur á hvernig börnum, unglingum og fjölskyldum þeirra er hjálpað til að takast á við margvíslegan vanda sem sjúkdómum fylgir, er svo sannarlega brýnt viðfangsefni og þar þurfa að koma að umræðuborði fjölmargir með ólíka menntun, margbrotna reynslu og nýja sýn, en einnig fólkið sjálft sem í þrautunum lendir og börnin og unglingarnir sem eru fórnarlömb sjúkdómanna.

Gleymum ekki að umsagnir þeirra og ábendingar, fersk sýn hinna ungu, getur oft vakið athygli á því sem við hin eldri erum hætt að sjá eða höfum verið of vanabundin til að skilja að nú þarf að breyta til.

Var það ekki barnið í ævintýri H. C. Andersens sem þorði að segja það sem allir vissu en enginn annar hafði kjark til að nefna upphátt.

Kannski þarf heilbrigðiskerfið eins og keisarinn í ævintýrinu á því að halda að börnin og unglingarnir séu einnig kölluð til að bera vitni.

Ég veit að það er einmitt í anda slíkrar hugsunar, frumkvæðis og ferskrar sýnar sem þið komið hér saman til samræðna og ráðagerða og ég óska ykkur heilla og góðs árangurs í því starfi.

Við þurfum á því að halda, einnig við á Norðurlöndum sem margir í veröldinni telja til fyrirmyndar, að spurt sé af einurð og ríkum vilja hverju þurfi að breyta svo við getum í sameiningu skapað betra líf fyrir hina ungu sem eru rétt að byrja sína ævigöngu.

Ég veit að þið munið einmitt hér spyrja slíkra spurninga og vonandi munu þær og svörin leiða til umbóta á komandi árum.